

Sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs  
Dalvíkurbyggð  
Ráðhúsi Dalvíkur  
620 Dalvík



Reykjavík 7. febrúar 2017  
UST201701-217/K.S.J.  
10.04.02

## Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008 – 2020 á Ársskógssandi

Vísað er til erindis sviðsstjóra umhverfis- og tæknisviðs er barst 23. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008 – 2020 á Ársskógssandi.

### Skipulagssvæðið – landnotkun

Áætlað er að komið verði fyrir seiðaeldisstöð við ósa Þorvaldsár á Ársskógssandi. Skipulagssvæðið er í gildandi aðalskipulagi skilgreint sem hverfisverndað svæði 807-Hv, og er fyrir utan þéttbýli Ársskógssands. Eftir breytingu verður svæðið skilgreint sem athafnasvæði.

### Vatnsöflun

Í lýsingu kemur fram að öflun á fersku vatni verði annað hvort þannig að brunnur yrði grafinn eða að borað yrði eftir vatni og eru tvær staðsetningar sýndar. Staður A sem er syðst á skipulagssvæðinu, og staður B sem er 700 metrum sunnar en skipulagssvæðið. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að gera skýra grein fyrir umhverfisáhrifum beggja kosta í tillögu að deiliskipulagi.

### Hverfisverndað svæði 807-Hv

Ofangreint athafnasvæði er áætlað á svæði sem nú er hverfisverndað og í gildandi aðalskipulagi kemur eftirfarandi fram: **Brúarhvammur, Svínakeldur við Þorvaldsdalsá.** Vítt gil og hefst það um brúna og Þorvaldsárfoss. Tæplega 60 ha. *Ákvæði: Verndun sérstakra landslagsgerða jarðmyndanna og stórbrotins landslags og fjölbreyttra*

Í gildandi aðalskipulagi kemur einnig eftirfarandi fram: „*Afmörkun hverfisverndarsvæða er ekki ráðandi um grunnlandnotkun á hverju svæði en getur haft áhrif á hvaða svigrúm verður til landnotkunar á viðkomandi reit eða svæði og hvaða skilyrðum uppbygging verður háð. Um hvert*

*hverfisverndarsvæði gilda því ákveðnar reglur, sem sveitarstjórn setur, sem kveða nánar á um verndun og skilyrði til uppbyggingar og framkvæmda.“*

Þar sem hverfisverndarsvæðin 807-Hv og 819-Hv mynda samfellt svæði frá mynna Þorvaldsár og uppi Þorvaldsdal, tekur Umhverfisstofnun undir það að gera eigi ráð fyrir opinni gönguleið meðfram Þorvaldsánni. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að samfellt aðgengi að hverfisverndarsvæðunum sé tryggt fyrir útivistarfólk.


### **Sjónræn áhrif**


Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að athuga hvort breytingin hafi neikvæð sjónræn áhrif fyrir nærliggjandi íbúðabyggð.

### **Frárennsli**

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að gerð sé grein fyrir allri fráveitu. Umhverfisstofnun minnir á að fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur